

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/2240****2023/EES/79/30****frá 20. október 2022****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378, framkvæmdarreglugerð
(ESB) 2021/2119 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2307 að því er varðar notkun
á fullgiltu rafrænu innsigli við útgáfu á vottorðum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum 35. gr. (10. mgr.), 43. gr. (7. mgr.) og 45. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 ætti að gefa vottorðið sem lögbær yfirvöld eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar gefa út til rekstraraðila eða hópa rekstraraðila út á rafrænu formi þar sem því verður við komið. Rafræna Traces-kerfið sem um getur í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 ⁽²⁾ gerir það kleift að gefa út vottorðin, sem um getur í 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, á rafrænu formi. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2119 ⁽³⁾ er gerð sú krafa að frá og með 1. janúar 2023 sé vottorðið, sem um getur í 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, gefið út á rafrænu formi með því að nota Traces-kerfið.
- 2) Til að vottorð sem eru gefin út til rekstraraðila og hóps rekstraraðila séu örugg er rétt að innleiða notkun fullgiltis rafræns innsiglis, eins og það er skilgreint í 27. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 ⁽⁴⁾, við útgáfu þessara vottorða. Til þess að gera öllum hlutaðeigandi aðilum kleift að ljúka við skráningu fyrir fullgilt rafrænt innsigli er nauðsynlegt að kveða á um að vottorðið, sem um getur í 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, ætti að vera með fullgilt rafrænt innsigli frá og með 1. júlí 2023.
- 3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2119 til samræmis við það.
- 4) Í samræmi við 1. gr. (1. mgr. og a-lið 2. mgr.) framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 ⁽⁵⁾ skulu eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar, sem eru viðurkennd í samræmi við 46. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2018/848, gefa út vottorð frá og með 1. janúar 2023 til rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjenda í þriðju löndum, sem hafa fallið undir eftirlitið sem um getur í 45. gr. (i. lið b-liðar 1. mgr.) þeirrar reglugerðar, sem skal gefið út á rafrænu formi og með því að nota Traces-kerfið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 294, 15.11.2022, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisihluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtið. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2119 frá 1. desember 2021 um ítarlegar reglur um tilteknar skrár og yfirlýsingar sem krafist er frá rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og um tæknilegar aðferðir við útgáfu á vottorðum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 að því er varðar útgáfu vottorða fyrir rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjendur í þriðju löndum (Stjtið. ESB L 430, 2.12.2021, bls. 24).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 frá 19. ágúst 2021 um tilteknar reglur sem varða vottorð sem er gefið út til rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjenda í þriðju löndum sem koma að innflutningi á lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun inn í Sambandið og um að koma á fót skrá yfir viðurkennd eftirlitsyfirvöld og viðurkennda eftirlitsaðila í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 24).

- 5) Til að vottorð sem eru gefin út til þessara rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjenda séu örugg er rétt að innleiða notkun á fullgiltu rafrænu innsigli við útgáfu þessara vottorða. Til þess að gera öllum hlutaðeigandi aðilum kleift að ljúka við skráningu fyrir fullgilt rafrænt innsigli er nauðsynlegt að kveða á um að vottorð fyrir rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjendur í þriðju löndum ættu að vera með fullgilt rafrænt innsigli frá og með 1. júlí 2023.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 til samræmis við það.
- 7) Í tengslum við pappírsútgáfu skoðunarvottorðs og pappírsútgáfu útdráttar úr skoðunarvottorði, sem er árituð á pappír með handskrifaðri undirritun í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 ⁽⁶⁾, voru umbreytingarákvæðin framlengd til 30. nóvember 2022 með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2238 ⁽⁷⁾ til að gera öllum hlutaðeigandi aðilum kleift að ljúka við skráninguna fyrir fullgiltu rafræna innsigli. Þessi framlenging ætti að endurspeglast í athugasemdum varðandi útfyllingu fyrirmyndarinnar að útdrættinum úr skoðunarvottorðinu sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2307 ⁽⁸⁾. Með framseldri reglugerð (ESB) 2022/2238 var sá möguleiki að til þess bærum einstaklingi, sem er staðsettur í Úkraínu, á vegum eftirlitsyfirlvalds eða eftirlitsaðila, sem er ekki búinn fullgiltu rafrænu innsigli, sé heimilt að útbúa og leggja fram skoðunarvottorð á rafrænu formi í Traces-kerfinu án þess að nota fullgilt rafrænt innsigli í reit 18 á vottorðinu, einnig framlengdur til 30. nóvember 2022.
- 8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2307 til samræmis við það.
- 9) Þar eð umbreytingartímabilið fyrir pappírsútgáfur af vottorðum og undanþágan fyrir Úkraínu renna út 30. júní 2022 ætti þessi breyting að gilda afturvirkir frá og með 1. júlí 2022.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2119

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2119 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 1. gr.:

„Vottorðið sem um getur í 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 skal vera með fullgilt rafrænt innsigli eins og það er skilgreint í 27. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).“

- 2) Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir þriðju málsgrein 5. gr.:

„Ákvæði annarrar málsgreinar 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2023.“

(6) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 reglum um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 13).

(7) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2238 frá 22. ágúst 2022 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2306 að því er varðar umbreytingarákvæði vegna skoðunarvottorða og útdráttar úr þeim og að því er varðar umbreytingarákvæði vegna skoðunarvottorða sem eru gefin út í Úkraínu (Stjtið. ESB L 294, 15.11.2022, bls. 3).

(8) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2307 frá 21. október 2021 um reglur um skjöl og tilkynningar sem krafist er fyrir lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins (Stjtið ESB L 461, 27.12.2021, bls. 30).

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi iii. lið er bætt við í a-lið annarrar málsgreinar 1. gr.:

„iii. vera með fullgilt rafrænt innsigli eins og það er skilgreint í 27. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 (*),

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).“

2) Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir þriðju málsgrein 3. gr.:

„Ákvæði iii. liðar a-liðar annarrar málsgreinar 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2023.“

3) Í stað I. viðauka kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2307

Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2022“ í fjórðu málsgrein athugasemdanna sem varða reit 12 og í annarri málsgrein athugasemdanna sem varða reit 13 í II. hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2307 kemur „30. nóvember 2022“.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 3. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. október 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI

VOTTORÐ FYRIR REKSTRARAÐILA, HÓPA REKSTRARAÐILA OG ÚTFLYTJENDUR Í ÞRÍÐJU LÖNDUM FYRIR VÖRUR SEM FLYTJA Á INN TIL EVRÓPUSAMBANDSINS SEM LÍFRÆNT RÆKTAÐAR VÖRUR EÐA VÖRUR Í AÐLÖGUN

I. hluti: Skyldubundnir þættir

1. Númer skjals	2. (veljið eins og við á) <input type="checkbox"/> Rekstraraðili <input type="checkbox"/> Hópur rekstraraðila – sjá 10. lið <input type="checkbox"/> Útflytjandi
3. Nafn og heimilisfang rekstraraðila, hóps rekstraraðila eða útflytjanda:	4. Nafn, heimilisfang og kenninúmer eftirlitsyrivalds eða eftirlitsaðila rekstraraðila, hóps rekstraraðila eða útflytjanda:
5. Starfsemi rekstraraðila, hóps rekstraraðila eða útflytjanda (veljið eins og við á):	
<input type="checkbox"/> Framleiðsla	
<input type="checkbox"/> Tilreiðsla	
<input type="checkbox"/> Dreifing	
<input type="checkbox"/> Geymsla	
<input type="checkbox"/> Innflutningur	
<input type="checkbox"/> Útflutningur	
6. Flokkur eða flokkar vara eins og um getur í 7. mgr. 35. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 ⁽¹⁾ og framleiðsluaðferðir (veljið eins og við á):	
a) óunnar plöntur og plöntuafurðir, þ.m.t. fræ og annað plöntufjölgunarefni Framleiðsluaðferð: <input type="checkbox"/> lífræn framleiðsla, þó ekki á aðlögunartíma <input type="checkbox"/> framleiðsla á aðlögunartíma <input type="checkbox"/> lífræn framleiðsla með framleiðslu sem er ekki lífræn	
b) búfé og óunnar búfjárafurðir Framleiðsluaðferð: <input type="checkbox"/> lífræn framleiðsla, þó ekki á aðlögunartíma <input type="checkbox"/> framleiðsla á aðlögunartíma <input type="checkbox"/> lífræn framleiðsla með framleiðslu sem er ekki lífræn	
c) þörungur og óunnar lagareldisafurðir Framleiðsluaðferð: <input type="checkbox"/> lífræn framleiðsla, þó ekki á aðlögunartíma <input type="checkbox"/> framleiðsla á aðlögunartíma <input type="checkbox"/> lífræn framleiðsla með framleiðslu sem er ekki lífræn	

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1).

<p>d) unnar landbúnaðarafurðir, þ.m.t. lagareldisafurðir, til notkunar sem matvæli</p> <p>Framleiðsluaðferð:</p> <p><input type="checkbox"/> framleiðsla á lífrænt ræktuðum vörum</p> <p><input type="checkbox"/> framleiðsla á vörum í aðlögun</p> <p><input type="checkbox"/> lífræn framleiðsla með framleiðslu sem er ekki lífræn</p>	
<p>e) fóður</p> <p>Framleiðsluaðferð:</p> <p><input type="checkbox"/> framleiðsla á lífrænt ræktuðum vörum</p> <p><input type="checkbox"/> framleiðsla á vörum í aðlögun</p> <p><input type="checkbox"/> lífræn framleiðsla með framleiðslu sem er ekki lífræn</p>	
<p>f) vín</p> <p>Framleiðsluaðferð:</p> <p><input type="checkbox"/> framleiðsla á lífrænt ræktuðum vörum</p> <p><input type="checkbox"/> framleiðsla á vörum í aðlögun</p> <p><input type="checkbox"/> lífræn framleiðsla með framleiðslu sem er ekki lífræn</p>	
<p>g) aðrar afurðir sem eru taldar upp í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 eða sem falla ekki undir fyrri flokka</p> <p>Framleiðsluaðferð:</p> <p><input type="checkbox"/> framleiðsla á lífrænt ræktuðum vörum</p> <p><input type="checkbox"/> framleiðsla á vörum í aðlögun</p> <p><input type="checkbox"/> lífræn framleiðsla með framleiðslu sem er ekki lífræn</p>	
<p>7. Skrá yfir vörur:</p>	
<p>Heiti vörunnar og/eða númer í sameinaðri nafnaskrá eins og um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ⁽²⁾ fyrir vörur sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/848</p>	<p><input type="checkbox"/> Lífrænt ræktuð</p> <p><input type="checkbox"/> Í aðlögun</p>
<p>Þetta skjal var gefið út í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 ⁽³⁾ til að votta að rekstraraðili, hópur rekstraraðila eða útflytjandi (veljið eins og við á) sé í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/848</p>	
<p>8. Dagsetning, staður</p> <p>Nafn og undirskrift fyrir hönd útgáfueftirlitsyfirvalds eða útgáfueftirlitsaðila eða fullgilt rafrænt innsigli:</p>	<p>9. Vottorðið gildir frá..... [færið inn dagsetningu] til [færið inn dagsetningu]</p>

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjttíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 frá 19. ágúst 2021 um tilteknar reglur sem varða vottorð sem er gefið út til rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjenda í þriðju löndum sem koma að innflutningi á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið og um að koma á fót skrá yfir viðurkennd eftirlitsyfirvöld og viðurkennda eftirlitsaðila í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (Stjttíð. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 24).

10. Skrá yfir aðila í hópi rekstraraðila eins og skilgreint er í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848

Nafn aðila	Heimilisfang eða annað form auðkenningar aðilans

II. hluti: Tilteknir valkvæðir þættir

Einn eða fleiri þættir sem þarf að bæta við ef eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili, sem gefur vottorðið út fyrir rekstraraðila, hóp rekstraraðila eða útflytjanda, ákveður slíkt í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378

1. Magn vara

Heiti vörunnar og/eða SN-númer eins og um getur í reglugerð (EBE) nr. 2658/87 fyrir vörur sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/848	<input type="checkbox"/> Lífrænt ræktuð <input type="checkbox"/> Í aðlögun	Magn, áætlað í kílóum, lítrum eða, ef við á, fjölda eininga

2. Upplýsingar um landsvæði

Heiti vörunnar	<input type="checkbox"/> Lífrænt ræktuð <input type="checkbox"/> Í aðlögun <input type="checkbox"/> Ekki lífrænt ræktuð	Yfirborðsflötur í hekturum

3. Skrá yfir athafnasvæði eða einingar þar sem starfsemi rekstraraðila eða hóps rekstraraðila fer fram

Heimilisfang eða landfræðileg staðsetning	Lýsing á starfsemi eins og um getur í 5. lið I. hluta

4. Upplýsingar um starfsemi sem rekstraraðili eða hópur rekstraraðila innir af hendi og hvort starfsemin fer fram á hans vegum eða hvort hann er undirverktaki sem innir af hendi starfsemi fyrir annan rekstraraðila þó að undirverktakinn beri áfram ábyrgðina á starfseminni sem fer fram

Lýsing á starfsemi eins og um getur í 5. lið I. hluta	<input type="checkbox"/> Starfsemi innt af hendi á eigin vegum <input type="checkbox"/> Starfsemi innt af hendi sem undirverktaki fyrir annan rekstraraðila þó að undirverktakinn beri áfram ábyrgðina á starfseminni sem fer fram

5. Upplýsingar um starfsemi sem þriðji aðili, sem er undirverktaki, innir af hendi

Lýsing á starfsemi eins og um getur í 5. lið I. hluta	<input type="checkbox"/> Rekstraraðili eða hópur rekstraraðila ber áfram ábyrgðina <input type="checkbox"/> Þriðji aðili ber ábyrgðina sem undirverktaki

6. Skrá yfir undirverktaka sem inna af hendi starfsemi fyrir rekstraraðila eða hóp rekstraraðila sem rekstraraðilinn eða hópur rekstraraðila ber áfram ábyrgðina á að því er varðar lífræna framleiðslu og hefur ekki fært þá ábyrgð yfir á undirverktakann

Heiti og heimilisfang	Lýsing á starfsemi eins og um getur í 5. lið I. hluta

7. Upplýsingar um faggildingu eftirlitsaðilans í samræmi við d-lið 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848

- a) Heiti faggildingarstofu,
- b) Tengill á faggildingarvottorð.

8. Aðrar upplýsingar“

--